



RANNSÓKNAMIÐSTÖÐVAR
FERÐAMÁLA
B.F. NEFNDASVIÐS
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík
nefndasvid@althingi.is

Alþingi
Erindi nr. P 140/685
komudagur 7.12.2011

Reykjavík og Akureyri, 7. desember 2011

Efni: Umsögn við tillögu til þingsályktunar um nýsköpunaráttak til að stórefla heilsársferðapjónustu úti á landi.

Mál: 37 - Þskj.: 37 (140. Löggjafarþing)

Tekið er heilshugar undir tilefni og upplegg þessarar tillögu til þingsályktunar. Mikilvægt er að dreifa ferðafólki betur um landið og yfir árið til að létta álagi af helstu áfangastöðum og fjölga þeim í hugum gesta okkar. Hér á eftir koma nokkrir punktar sem hafa þyrfti í huga að mati Rannsóknamiðstöðvar ferðamála:

- Talað er um að ályktunin sé í anda Sóknaráætlunar 20/20, en mikilvægt er að hafa í huga samþættingu ferðapjónustu við aðra áætlanagerð í landinu. Í tengslum við þessa ályktun væri sérstaklega mikilvægt að horfa til samgönguáætlunar, þá t.d. hlutverk og tengsl almenningsgangna við þjónustuframboð ferðapjónustu.
- Til grundvallar þessu skjali er skýrsla sem gefin var út í upphafi árs 2011 og tíundar svör gesta sem fóru með beinu flugi Iceland Express frá Akureyrarflugvelli, sumarið 2010. Nú er að koma út ný skýrsla sem lýsir samskonar svörum sumarið 2011, en þar er einnig ítarleg umfjöllun um hlutverk flugvallanna í markaðssetningu jaðarsvæða og fjöldi dæma. Gögn sumarsins 2011 styðja allar fullyrðingar settar fram í núverandi ályktun og staðfesta þar með niðurstöður sumarsins 2010.
- Næsta sumar stefnir í að Iceland Express muni ekki fljúga til Akureyrar. Á móti kemur að Icelandair hefur hafið að bjóða Akureyri sem áfangastað í gegnum sínar bókunarvélar, þá með tengiflugi frá Keflavík, með leigu véla frá Flugfélagi Íslands. Það sem vakna þá eru spurningar um er hvaða tegund flugfélags er líklegra til að byggja varanlega boðleið fyrir markaðsskilaboð til mögulegs markhóps áfangastaðarins Norðurland. Þetta er mikilvæg spurning í ljósi þessara orða í ályktun, „sníða loks sjálfa ferðavöruna að viðskiptamódeli flugrekstraraðila“ (bls. 9, lína 13).
- Talað er um ráðgjafarhlutverk Rannsóknarmiðstöðvar ferðamála. Mikilvægt er að skilgreina í hverju það gæti falist. Varðar það einnig almennt markaðsmál og uppbyggingu ferðapjónustu á landinu.

Minniháttar orðalags athugasemdir:

- Á bls. 2, línum 19-20, er talað um undirbúning VÍM, en hún hefur starfað lengi, og einnig stórauðna rannsóknarþjónustu HA. Skólinn veitir ekki slíka þjónustu, það gerir RHA hinsvegar, og Rannsóknamiðstöð ferðamála, en þess má geta að aðalskrifstofa RMF er við HA.
- Á bls. 2, línum 29-32, er talað um gagnaöflun Ferðamálastofu og Hagstofu. Það var könnun RMF sem leiddi í ljós meðalgistináttafjölda á Norðurlandi, en sumarið 2011 er hann 7,45 nætur.

Virðingarfyllt

Dr. Edward H. Huijbens
Forstöðumaður Rannsóknamiðstöðvar ferðamála